

Eik fasteignafélag hf.
 Álfheimum 74
 104 Reykjavík

30. mars 2020

Staðfesting og könnun PwC á útreikningum sérstakra skilyrða skuldabréfaflokksins EIK 050749

Í tengslum við þjónustusamning PricewaterhouseCoopers ehf. („PwC“) við Eik fasteignafélag hf. („Eik“), undirritaður 9. október 2017 í tengslum við hlutverk sitt sem eftirlitsaðili, birtir PwC hér niðurstöður vegna skuldabréfaflokksins EIK 050749.

Eftirlitsaðili skal staðfesta og kanna sjálfstætt útreikning útgefanda (Eik) á sérstökum skilyrðum, þ.e. sjóðstreymis- og eiginfjárvöðum og fjárhæð tryggingabréfa, eins og þau eru skilgreind í skuldabréfafloknum. Efnahagsliðir miðast við punktstöðu á uppgjörardegi og rekstarliðir við undangengna tólf mánuði frá uppgjörardegi. Staðfestingin og könnunin skiptist í sérstök fjárhagsleg skilyrði og tryggingaskilyrði sbr. hér að neðan.

Fjárhagsleg skilyrði		Skilyrði	Niðurstaða útreiknings	Skilyrði staðist
Sjóðstreymiskvöð:	Hreinar leigutekjur deilt með reiknuðum vöxtum á tólf mánaða tímabili.	Aldrei lægra en 1,5	2,49	Já
Eiginfjárvöð:	Eiginfjárlutfall án óefnislegra eigna á prófunardegi.	Aldrei lægra en 20%	31%	Já
Tryggingaleg skilyrði				
Sjóðstreymiskvöð:	Hreinar leigutekjur veðandlagsins deilt með reiknuðum vöxtum af nettó veðskuldum (án verðbóta og gengisbreytinga) á tólf mánaða tímabili.	Aldrei lægra en 1,65	3,21	Já
Veðsetningarhlutfall:	Hlutfall nettó veðskulda miðað við bókfært virði veðandlagsins.	Aldrei hærra en 75%.	69%	Já

PwC staðfestir hér með að skuldabréfaflokkurinn EIK 050749 stenst öll ofangreind skilyrði miðað við dagsetninguna **31.12.2019.**